

Málefni lögð fram fyrir íshökkíping 2025 frá Skautafélagi Akureyrar

- **Tefla fram U19/U20/U21 liðum eða öðru slíku strákaliði**

Í vor eru 9 leikmenn sem eru að fara upp úr U18 hjá SA (2007), á næsta ári verða þeir 7(2009), árið þar á eftir 12 (2010) og svo 10 (2011)

- **Aðskilja stelpurnar frá U18 ára drengjunum**

Ef við bjóðum upp á gott starf fyrir stelpurnar er það betra á allan hátt þær æfi með stelpum, það heftir þróun strákanna að spila með stelpunum, þeir fara varlegar, halda aftur af sér og passa sig frekar þegar þær eru með.

- **Leyfa tæklingar í kvennahökkii**

- Þetta hefur verið minnst á af og til en reynslan sýnir m.a. í Svíþjóð í kjölfar ákvörðunar varðandi að leyfa meiri tæklingar að tíðni heilahristings hefur t.d. lækkað, leikmennirnir eru tilbúnari að taka á móti tæklingum heldur en ella af því það má og leikmenn búast við þeim.

- **4 dómakerfi -**

- Það veitir ekki af því og ekki síður í kvennadeildinni eins og í karla, of mörg brot sem fara framhjá og kom bersýnilega fram í úrslitakeppninni áliðnu tímabili að ekki veitti af.
 - Ef ekki 4 dómara kerfi tryggja þá að alltaf sé eftirlitsdómari í stúku og þá líka á kvennaleikjum.
 - Það sem er á karla leikjum á einnig að vera á kvennaleikjum.
 - Tvímælalaust að hafa 4 dómakerfi í úrslitum karla og kvenna.

- **Fundargerðir stjórnar ÍHÍ:**

- Þær séu birtar tveimur dögum eftir að fundur hefur verið haldinn.

Það er nauðsynlegt og sjálfsagt að stjórnir aðildarfélaganna geti með einföldum hætti fylgst með málefnum og niðurstöðum sem tekin eru hjá stjórn sambandsins. Þetta á ekki síst við ef stjórnir félaganna senda erindi til stjórnar.

- **Erindi frá stjórnnum aðildarféлага**

- Almennum erindum frá stjórnnum félaganna sé svarað, ef þau berast með tölvupósti þá annað hvort svarað með tölvupósti, stundum er mótttekið nóg!

- Meðan fundargerðir eru ekki birtar geta stjórnir félaganna ekki einu sinni vitað hvort málefni frá þeim séu tekin fyrir á fundum, það á ekki að þurfa að hringja á eftir erindum eða hringja öll erindi inn.

- **Fundargerðir og úrskurðir og aganefndar:**

- Dómar aganefndar séu sendir á formenn þegar úrskurðað hefur verið..
- Gagnsæi í fundargerð/niðurstöðum aganefndar, ef ekki er getið um mál þar er allt eins hægt að álíta sem svo að ekki hafi verið um þau fjallað
 - (sbr. úrskurð aganefndar frá 26. febrúar þá var skrifuð skýrsla eftir eftir kvennaleikinn en svo virðist sem það atvik hafi ekki verið tekið fyrir þar sem ekki er á það minnst í úrskurði og niðurlag eftir úrskurði brota í karlaleiknum “Fleira var ekki tekið fyrir og fundi var slitið.”

- **Fullmanna og virkja nefndir:**

- hafa samband við félögin og óska eftir fulltrúum ef illa gengur að manna.

- **Ekki spila leiki mfl karla og kvenna á sama degi**

- Það hefur áhrif á áhorfendafjölda og innkomu.

- **Starfslýsing á starfi framkvæmdastjóra**

- Á þinginu 2023 var kallað eftir verklýsingu á starfi formanns, hefur sú verklýsing verið unnin eða er hún til einhversstaðar, ef ekki er sjálfsagt og eðlilegt að sú lýsing sé unnin.

Fyrir hönd SA

Elísabet Ásgríms formaður hokkídeildar.